



Skautasamband Íslands
Engjavegi 6,
104 Reykjavík
Ísland

Skýrsla stjórnar Skautasambandsins tímabilið 2006-2007.

Í stjórn á liðnu starfsári voru eftirtaldir aðilar:

Elísabet Eyjólfsdóttir	formaður
Sigurlína Jónsdóttir	varaformaður
Anna Kristín Einarsson	gjaldkeri
Erlendína Kristjánsson	meðstjórnandi
Þórdís Ingvadóttir	ritari

Varamenn:

Christine Savard
Sigrún Inga Mogensen
June Eva Clark

Í júní s.l. var þing Alþjóða Skautasambandsins haldið í Ungverjalandi. Ég undirrituð fór ásamt Sigrúnu Mogensen á þetta þing. Þetta var lærdómsrík ferð þar sem við hittum fólk frá öðrum Skautasamböndum, kynntumst því hvað þau eru að gera og kynntum okkar samband. Einnig átti ég fund með David Dore, sem er varaforseti Alþjóða Skautasambandsins og formaður listhlaupadeildarinnar, þar sem að ég kynnti fyrir honum það starf sem íslenska Skautasambandið er að vinna að ásamt því að ég afhenti honum afreksstefnu okkar.

Stjórn Skautasambandið byrjaði tímabilið á því að hafa fund með stjórnnum félaganna þar sem farið var yfir starf vetrarins og málefni skautaíþróttarinnar voru rædd. Þetta var gert til þess að kynnast því fólki sem er í stjórnnum félaganna, ásamt því að kynna starf okkar. Fyrri fundurinn var hér í Reykjavík en sá síðari á Akueyri. Þetta mæltist vel fyrir af því fólki sem sótti fundinn og vona ég að þetta verði árlegur viðburður í framtíðinni. Reyndar tel ég persónulega að það eigi að hafa aðeins einn fund og gefa þannig stjórnnum félaganna tækifæri til að kynnast sín á milli.

Það sem háir okkar skauturum er að þeir hafa því miður of litla keppnisreynslu sem fyrst og fremst er vegna staðsetningar Íslands, því að dýrt er að fara erlendis og taka þátt í opnum mótum þar. Skautasambandið sá því ekki aðra leið en þá að bæta við einni keppni til viðbótar, en það er Haustmótið sem var í fyrsta skiptið síðasta haust. Þetta hefur mælst vel fyrir og eins og staðan er í dag þá eru þau mót sem Skautasambandið stendur fyrir fjögur fyrir A skautara og þrjú fyrir B skautara. Þrátt fyrir þessa aukningu þá eru fjögur

mót ekki nægjanleg til þess að byggja upp keppnisreynslu hjá skauturum. Því höfum við fagnað því framtaki sem félögin hafa staðið fyrir, en það er að senda skautarana sína til keppni erlendis og að stofna til “vinasambands” við klúbba erlendis sem heimsækja hvorn annan og keppa sín á milli. Því að öll mót auka keppnisreynslu skautaranna okkar.

Skautasambandið sendi “fullt hús” af skauturum á Norðurlandamótið í þeim flokkum sem við áttum skautara í. Alls fóru sjö skautarar, fjórir í Junior flokki og þrír í Novice flokki, til Finnlands og kepptu þar fyrir hönd Íslands á Norðurlandamótinu sem haldið var í Helsinki. Tilgangur ferðarinnar var að Ísland “stimplaði” sig inn í þessa keppni, þannig að hinar þjóðirnar vissu að við værum komin til að vera ásamt því að kynna fyrir skauturum hvernig þessi keppni færir fram. Skautararnir stóðu sig mjög vel þrátt fyrir að hafa endað í neðstu sætunum. Þeir vita að þeir þurfa að vinna hörðum höndum fyrir næsta Norðurlandamót sem haldið verður hér á Íslandi í byrjun febrúar, á næsta ári. Allir skautararnir gerðu sitt besta og var framkoma þeirra til fyrirmyndar og var ég mjög stolt af þeim.

Í upphafi þessa árs gaf Skautasambandið út handbók sem hlaut nafnið “Handbók Skautþjálfarans” og inniheldur leiðbeiningar fyrir skautþjálfara. Þessi bók er um 100 bls.og eru í henni ítarlegar leiðbeiningar hvernig vinna og framkoma skautþjálfara eigi að vera. Þessi handbók er afhent þegar þjálfari sækir sérgreinahluta 1 hjá Skautasambandinu og vonumst við til að hún verði aðstoð við væntanlega skautþjálfara.

Skautasambandið hefur verið að vinna í því að mennta tæknifólk og dómara fyrir dómgæslu hér á landi. Liður í því var að við sendum Helgu Margréti Clarke á námskeið í “technical specialist” og Sunnu Björk Mogensen á námskeið í “Data input og Video Clip” sem haldið var í Svíþjóð. Þeim gekk báðum mjög vel, en Helga Margrét þurfti að taka próf í lokin og skemmst er frá því að segja að hún varð efst af þeim sem þreyttu prófið. Einnig sendum við þrjá dómara á námskeið í Danmörku. Í kjölfarið fór Guðbjört Erlendsdóttir og dæmdi á þriggja daga stórmóti í Svíþjóð og þótti hún standa sig mjög vel þar, auk þess sem hún lærði mikið af þessu móti. Einnig vorum við beðin um að útvega dómara á mót í Danmörku og fóru Sólveig Dröfn Andrésdóttir og Sigríður María Fortescue og dæmdu á þessu móti.

Sigríður Björk Sigurðardóttir sem nú er búsett í Svíþjóð hefur verið skráð á námskeið þar fyrir hönd Íslands sem haldið verður í Svíþjóð um næstu helgi og tekur hún próf á level 2 á sænskum mælikvarða. Í framhaldi af þessu er búið að skrá Helgu Margréti (technical specialist) og Sunnu Björk (data input/video clip) á ISU námskeið í Frankfurt sem fer fram í júlí n.k. og í framhaldinu taka þær próf sem sker úr um hvort þær hljóti ISU réttindi eða ekki. Guðbjört er skráð á námskeið í Finnlandi í september sem gefur henni alþjóðleg réttindi ef hún stenst prófið sem lagt verður fyrir í lok námskeiðsins.

Það er afar mikilvægt fyrir okkur að eiga fólk sem hefur alþjóðleg réttindi til þess að vinna á mótum, sérstaklega þar sem að við stöndum fyrir Norðurlandamótinu á næsta ári. Einnig til þess að lágmarka þann fjölda sem við þurfum að fá til landsins samhliða Skautasambandsmótum, því það er kostnaðarsamt og best væri að við gætum treyst sem mest á okkar fólk við dómgæslu.

Félögin hafa verið að vinna með verkefnið “Skautum Regnbogann” en það byggist á því að kenna ungum skauturum grunnæfingar í skautun. Í framhaldinu er hugmyndin að hafa próf á vegum Skautasambandsins í grunnskautun (basic test) sem enn er verið að vinna að. Námskeið verður til þess að fullvinna og kenna þetta próf í ágúst komandi og verður fyrsta prófið sem skautarar þreyta næsta vor. Á þessu prófi þurfa skautarar að kunna grunnatriði í skautaíþróttinni og ef þeir standast prófið veitir það þeim réttindi til þess að keppa í A flokki á Sambandsmótum. Skautasambandið hefur fullan hug á að vinna strangt eftir þessu prófkerfi í framtíðinni og því mikilvægt fyrir félögin að halda áfram sínu góða starfi að þjálfra skautarana sína í þeim æfingum sem “Skautum Regnbogann” inniheldur.

Vefsíðan okkar er loksins komin í loftið og er þar að finna helstu upplýsingar sem snýr að skautaíþróttinni, bæði lög, reglur og atburði sem eru framundan og hvernig þeir hafa gengið. Reynt hefur verið af fremsta megni að setja strax inn alla nýja atburð til þess að viðhalda vefsíðunni.

María McLean hefur haldið áfram vinnu sinni fyrir okkur með góðum árangri. Hún er núna einnig að vinna fyrir danska skautasambandið. Við teljum það aðeins hafa gott í för mér sér og vill hún hafa meira samstarf á milli þessara tveggja sambanda. Til þess að efla þetta samstarf kom formaður danska skautasambandið hingað til lands á dögunum til þess að ræða um meira og nánara samstarf. Meðal annars bauð hann dómurum og þjálfurum að sækja námskeið sem haldið verður í Danmörku í ágúst n.k. til þess að auka kunnáttu og færni í nýja dómarkerfinu. Einnig ræddum við möguleika á því að landsliðshópar beggja landa fengju tækifæri til þess að skauta saman a.m.k. einu sinni á ári og jafnvel oftár ef tækifæri gefst til. Það er hugmyndin að þessir skautarar skiptist á um að skauta hér á landi og einnig í Danmörku. Þetta eru möguleikar sem vert er að vinna að og þróa í framtíðinni.

Samkvæmt afreksstefnu okkar var það á tímaplaninu að stofna hóp framtíðarskautara nú í vor. Það er skemmst frá því að segja að við höfum verið að fylgjast með skauturum í vetur og nú fyrstu helgina í maí voru æfingabúðir fyrir þá skautara sem komu til greina og þjálfarar frá félögunum tilnefndu. Virpi Horttanan, sem er finnskur þjálfari og vel kynnt í sínu heimalandi, kom til þess að stjórna þessum æfingabúðum. Það var síðan hún og María McLean sem lögðu fram lista yfir þá skautara sem þær töldu að skyldu verða valdir. Skautasambandið ákvað að fara alfarið eftir þeirra lista og fengu þeir skautarar sem valdir voru bréf þess efnis í gær. Einnig fengu félögin lista yfir þá skautara sem eru inni í verkefni þessu bréf þess efnis í gær. Því miður komu upp þær aðstæður sem urðu til þess að ekki var hægt að senda þeim skauturum bréf sem ekki eru inni á sama tíma og hinum, en það bréf fór í póst í gær og ætti að berast á mánudag. Í því bréfi eru þeir skautarar sem ekki komust að í þetta skipti hvattir til að sækja um á næsta ári. Það sýndi sig á þessu námskeiði að við eigum virkilega efnilega skautara hér á landi og er Virpi sammála því. Stefnt er að því að hópurinn hittist í ágúst næst komandi til að kynnast og byrja undirbúning fyrir komandi skautarár. Einnig er áætlað að Virpi komi í desember og vinni með þessum hóp. Hugmyndin er sú að hún komi tvisvar sinnum á ári og fylgist með framþróun skautaranna og leiðbeini okkur í hvernig hægt er að gera enn betur hverju sinni.

Ég get ekki látið hjá líða án þess að minnst á áhyggjuefni mitt en það er hversu fáir ungir skautarar eru að taka þátt í keppnum hér. Mér finnst félögin hafa sofið á verðinum varðandi það að byggja upp yngri skautara, en reyndar gæti skortur á ístímum haft þar eitthvað að segja. Einnig finnst mér að skautafélögin megi hugsa sinn gang með að hafa fleiri afstíma fyrir iðkendur sína. Það að byggja upp styrk og þrek hefur mikið að segja fyrir skautara og því miður virðist því ábótavant hjá skauturum. Þetta kom greinilega í ljós þegar þrekpróf var tekið af þeim skauturum sem tóku þátt í æfingabúðum Skautasambandsins núna á vormánuðum því að niðurstaðan hjá mjög mörgum var ekki viðunandi.

Mikil verkefni eru framundan hjá Skautasambandinu, en þar ber hæst Norðulandamótið sem halda á hér á landi á komandi ári og þarf að fara að undirbúa. Einnig er mikil vinna með landsliðshóp Íslands þann sem nýverið var stofnaður. Ég mæli því með að ráðinn verði starfsmaður á skrifstofu Skautasambandsins. Sérstaklega legg ég þetta til vegna þess að styrkur hefur fengist frá íslenska ríkinu til reksturs skrifstofu hjá sérsamböndunum. Það eitt og sér er mikið framfaraspor fyrir sérsamböndin hér á landi og kemur til með að auðvelda alla vinnu og uppbyggingu hjá hverju sérsambandi fyrir sig.

Í ljósi þess að ég kem ekki til með að gefa kost á mér til áframhaldandi formennsku og ég veit að fleiri úr núverandi stjórn ætla að láta af störfum þá vil skýra frá því að ástæða mín er fyrst og fremst leiðinleg samskipti við eitt aðildafélaganna.

Ég ásamt stjórn var kosin á síðasta þingi til þess að fara með og sjá um skautamál í landinu og það er algjörlega óþolandi að fá hvert bréfið á fætur öðru þar sem við erum beðin um útskýringar og rökstuðning á ákvörðunum okkar í stað þess að gefa okkur olnbogaráymi til þess að byggja upp og efla íþróttina. Þennan vetur hef ég legið undir þeim ásökunum að vinna gegn þessu eina félagi sem er algjörlega fjarri mér enda kem ég frá þessu félagi sjálf og ber hlýjan hug til þess. Þetta hefur gengið það langt að á fundi sem við áttum með foreldrum skautara í sambandi við afreksstefnu þá lýsti einn fundarmaður, sem tengist þessum ákveðna klúbbi yfir vantrausti á ákvarðanir fólks innan Skautasambandsins og heilindi þess í starfi. Það er með öllu óþolandi að sitja undir þessu og öðrum ásökunum sem á okkur hafa verið bornar og mig stundum persónulega og það réð ákvörðun minni fyrir því að hætta að starfa fyrir skautaiþróttina.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir óeigingjörn störf í þágu skautaiþróttarinnar, ásamt því sem þeir hafa veitt mér ánægjulegt og gefandi samstarf.

Reykjavík 18. maí 2007.

Elísabet Eyjólfsdóttir
Formaður Skautasambands Íslands